



# Forðist hættuleg rafföng



Brunamálastofnun

# Selur þú hættuleg rafföng?

Ef rafföng eru ekki framleidd á réttan hátt geta þau valdið lífshættulegu rafstuði eða orsakað eldsvoða.

Á hverju ári verður fjöldi bruna og slysa af völdum raffanga sem hafa í för með sér mannlegar hörmungar og efnahagslegan kostnað. Sem söluaðili raffanga er það þín ábyrgð að rafföng séu örugg og valdi ekki skaða.

## Gerðu öryggisathugun á því sem þú selur

Settu viðskiptavini þína ekki í lífshættu. Fylgdu gátlistanum okkar og athugaðu rafföngin áður en þú kaupir þau. Á þann hátt tekur þú þátt í að koma í veg fyrir slysa og bruna.

- Er CE-merking á raffanginu? Sem dæmi eiga nánast öll rafföng sem gerð eru fyrir almenna veitukerfið (venjulegt 230V húsarafmagn) að bera CE-merkingu, nema klær og tenglar til heimilisnota.
- Eru upprunamerkingar á raffanginu? Öll rafföng eiga að vera merkt með nafni framleiðanda eða vörumerki hans og gerðarmerkingu.
- Eru helstu raffræðilegar merkingar á raffanginu? T.d. spenna (V), afl (W) og einangrunarflokkur (class I, class II (□) eða class III (◊)).
- Er EB-samræmisfirlýsing (EC-declaration of conformity) tiltæk? Ath. að samræmisfirlýsingin á að vera gefin út af framleiðanda eða fulltrúa hans. Yfirlýsingar eða vottorð „þriðja“ aðila, t.d. prófunarstofu, eru ekki fullnægjandi.
- Fylgja notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar? Ath. að leiðbeiningar er varða öryggi eiga að vera á íslensku.
- Eru spennuhafahlutar snertanlegir?
- Er togfesta aðtaugar, sem tryggir að ekki verði togálag á tengingar, fullnægjandi?
- Eru skarpar brúnir þar sem aðtaugin kemur inn í raffangið?
- Hefur raffangið óeðlilega grannar taugar (víra), þ.e. eru þær grennri en eldspýta?

## Hverjar geta afleiðingarnar orðið?

Afleiðingar bruna og slysa af völdum raffanga geta verið hörmulegar en þar að auki getur Brunamálastofnun bannað sölu raffanga sem ekki uppfylla ákvæði um öryggi eða formleg skilyrði til markaðssetningar. Ef raffang er álitnið sérstaklega hættulegt getur Brunamálastofnun krafist tafarlausrar innköllunar þess frá almenningi, það er t.d. gert með auglýsingum í dagblöðum.

Allur kostnaður við rannsókn raffangs sem ekki uppfyllir kröfur fellur á ábyrgðaraðila þess, þ.e. innflytjanda eða innlendan framleiðanda, auk kostnaðar við innköllun.



Rafmagnsöryggisvið Brunamálastofnunar hefur yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi, skoðunum á raforkuvirkjum, neysluveitum, öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka og markaðseftirliti raffanga. Auk þess löggildir sviðið rafverktaka, annast skráningu og rannsóknir á slysum og tjóni af völdum rafmagns og annast útgáfu á kynningar- og fræðslufni er varðar rafmagnsöryggi.

Hlutverk rafmagnsöryggisviðs er að hafa eftirlit með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra.

Skúlagata 21 • 101 Reykjavík • Sími 591 6000 • Fax 591 6001 • [brunamal@brunamal.is](mailto:brunamal@brunamal.is) • [www.brunamal.is](http://www.brunamal.is)

**Brunamálastofnun**